



冰島中國貿易促進會  
Íslensk kínverska viðskiptaráðið  
The Icelandic Chinese Trade Council

## Yfirlýsing stjórnar Íslensk – kínverska viðskiptaráðsins - ÍKV

Talsverðar umræður hafa orðið um kaup Kínverjans Huang Nubo á Grímsstöðum á Fjöllum og er nú beðið eftir svari Ögmundar Jónassonar, innanríkisráðherra, um hvort hann samþykki söluna sem er forsenda þess að salan nái fram að ganga. Af þeim sökum sendir stjórn ÍKV frá sér eftirfarandi yfirlýsingu.

- Stjórn ÍKV bendir á að á grundvelli EES samningsins geta útlendingar af ýmsum þjóðernum keypt jarðir og aðrar eignir á Íslandi án aðkomu ríkisvaldsins. Að standa í vegi fyrir slíkum viðskiptum væri brot á EES samningi. Þannig gæti Kínverji búsettur í EES landi keypt án athugasemda jörðina Grímsstaði á Fjöllum. Einnig hefði hann getað stofnað fyrirtæki einhvers staðar innan evrópska efnahagssvæðisins, t.d. hér á landi, sem væri þá íslenskt fyrirtæki með íslenska kennitölu í eigu Kínverja og í gegnum það keypt Grímsstaði án þess að nokkur fengi rönd við reist. Velta má fyrir sér hver viðbrögð okkar væru, ef heimspekk amerísk poppstjarna eða kanadískur auðmaður vildu fjárfesta með svipuðum hætti.
- Jörðin Grímsstaðir á Fjöllum er vissulega stór jörð en harðbýl og afskekkt. Jörðin hafði verið lengi á sölu án þess að nokkur sýndi áhuga á kaupum. ÍKV bendir á að kaupandi jarðarinnar mun, þar sem jörðin er í óskiptri sameign, eiga jörðina í sameign með íslenska ríkinu. Íslenskt lagaumhverfi tryggir að allar framkvæmdir sem fram færu á jörðinni yrðu að hljóta samþykki þar til bærra stjórnvalda, rétt eins og gildir um framkvæmdir okkar sjálfra. Þannig er skipulagsvaldið íslendinga.
- Stjórn ÍKV skorar á innanríkisráðherra að samþykkja söluna sem fyrst, fyrir öðru eru engin efnisleg rök. Íslenskt atvinnulíf þarf á áæðnum fjárfestum að halda til að byggja upp öflugt atvinnulíf í landinu, að flokka þá eftir búsetu er aðeins til þess fallið að ýta fjárfestum almennt frá landinu þar sem fjárfestar hugsa hnattrænt en ekki eins og eyríki.

Ef óskað er frekari upplýsinga má hafa samband við formann ÍKV, Örn Svavarsson í síma 844 9090